



SAMÞYKKT UM UMGENGI OG ÞRIFNAÐ UTAN HÚSS Á AKRANESI

1. gr.

Eiganda eða umráðamanni húss og lóða er skylt að halda eigninni vel við, hreinni og snyrtilegri svo og tilheyrandi lóð og girðingum. Ekki má haga hreinsun húsa, húshluta og húsmuna þannig að leitt geti til óþrifnaðar eða ónæðis fyrir aðra, sbr. 18. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 og 17. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. og 2. tl. 4. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

2. gr.

Bannað er að skilja eftir, flytja eða geyma lausamuni á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýti á umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri hluti svo sem kerrur, bílhuta, bílflök, báta, byggingarefni o.s.frv. sbr. 1. mgr. 20. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 og 12 gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. og 2. tl. 4. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

3. gr.


Tæki og hluti sem ekki eru í almennri eða stöðugri notkun skal geyma þannig að nágrannar og vegfarendur hafi ekki ama af. Óheimilt er að geyma hvers kyns drasl, bílhræ og þess háttar á lóðum. Lóðir sem eru notaðar til geymslu á slíku, skal skerma af með skjólveggjum sem samþykktir eru af byggingarfulltrúa. Girðing eða skjólveggur á mörkum lóða er alltaf háður samþykki beggja lóðarhafa óháð hæð girðingar eða skjólveggs, sbr. 7.2.3. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 sbr. 1. tl. 60. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

4. gr.

Bifreiðar og önnur skráningarskyld ökutæki sem geymd eru á lóðum íbúðarhúsa skulu geymd á þar til gerðum bílastæðum.

5. gr.

Óheimilt er að geyma báta, kerrur, skráningarskyld ökutæki án skráningarmerkja, tæki, vinnuvélar, bílflök eða aðra hluti á bifreiðastæðum sveitarfélagsins, við götur og/eða á almannafæri. Heilbrigðisnefnd er heimilt að láta fjarlægja slíka hluti á kostnað og ábyrgð





eiganda að undangenginni viðvörðun t.d. með álímingarmiða sbr. 21. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002, og 17. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. og 2. tl. 4. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

6. gr.

Telji heilbrigðisnefnd svo alvarlega hættu stafa af geymslu hlutar eða tækis sbr. 5 gr. að aðgerð þoli enga bið er heimilt að fjarlægja slíka hluti eða tæki án viðvörðunar.

7. gr.

Þeir sem annast flutninga á almannafæri, skulu haga þeim þannig að ekki valdi óþrifnaði sbr. 2. mgr. 20. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002, 12. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. og 2. tl. 4. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

8. gr.


Eigi má haga hreinsun fasteigna eða lausamuna þannig að leitt geti til óþrifnaðar umhverfis.

9. gr.

Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með almennum þrifnaði utanhúss sbr. 17. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs. Um eftirlit samkvæmt samþykkt þessari fer að öðru leyti eftir lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum og 17. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs með síðari breytingum.

10. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari, valdsvið, þvingunarúrræði, málsmeðferð, úrskurði og viðurlög skal farið samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum sbr. og 48. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs með síðari breytingum.





11. gr.

Ofangreind samþykkt bærstjórnar Akraness, var samþykkt í bærstjórn Akraness og staðfestist hér með skv. 25 gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til að öðlast gildi við birtingu.

Samþykkt í skipulags- og umhverfisráði Akraness þann 28. september 2015.

Samþykkt í bærstjórn Akraness þann 13. október 2015.


Regina Ásvaldsdóttir
bærstjóri

